



SEYÐISFJARÐARSKÓLI

- í hverju barni býr fjársjóður -

Skólaráðsfundur 16. september kl 16:10

Fundurinn fer fram í sal Gamla skólans við Suðurgötu hefst kl. 16:10: -17:45

Mætt eru: Sigríður, Jóna Mist, Ari, Oddný, Ólafía, Guðrún Ásta, Svandís

- Skólastjóri býður fundarmenn velkomna og fer yfir lög um skipan og hlutverk skólaráðs.** Ræðir um mikilvægi ráðsins og helstu hlutverk og dreifir handbók til nýrra meðlima. Rætt er um að það þurfi aðalmann frá fultrúa grenndarsamfélasins, ákveðin nöfn eru nefnd í því sambandi og skólastjóri mun kanna með það fólk.
- Starfsáætlun Seyðisfjarðarskóla.** Umræða um næstu mikilvægu verkefni. Umræður um það sem brennur á fundarmönnum fyrir veturinn og hvað fólk finnst vera mikilvægast að gerist á skólaárinu. Það eru eftirfarandi punktar sem komu fram:
Mikilvægt er að byrja á samstarfi við Tröppu sem allra fyrst, s.s. talþjálfun fyrir nemendur í leik- og grunnskólanum, fjármagn er fyrir hendi en erfiðlega gekk að koma verkefninu af stað, sl. vetur af ýmsum orsökum.
Fulltrúi kennara nefnir að kennara þurfa utanaðkomandi aðstoð til að takast á við kvíðavandamál og vandamál tengd líðan barna. T.d. fræðslu til foreldra og kennara, og bein verkfæri til að vinna með, fulltrúar nemenda taka undir þörfina á þessu. Unnið verði að því að ráða í stöðu talsmanns nemenda. Að auki væri gott að hafa betra aðgengi að skólahjúkrunarfræðingi.
Skólastjóri ætlar að tala við listmeðferðarfræðing og athuga með námskeið.
Fulltrúi annarra starfsmanna bendir á að aðstaða undir starfsemi Skólasels sé mjög bágborin og vill nefna að það sé tími til kominn til að laga það, fundurinn tekur heilsugar undir það. Gott væri að flota grunninn við Rauða skóla, svo betur væri hægt að leika sér á honum. Hægt væri að setja plötu á veggina við Rauða skóla svo hægt væri að nota veggina til leikja. Kaupa mætti fleiri leikföng og bolta fyrir frímínútur og Skólasel.
Vinaliðaverkefni eru mjög jákvæð að mati margra fundarmanna, skoðað að hvetja til þess. Það þarf skógrindur og lægri snaga í Herðubreið, eins mætti bæta þrif á gólfu í matsal. Við viljum einnig skoða hvort að ekki þurfi að bæta við stöðugildi í mötuneytið og skoða vel matarsóun þar. Umræður um matarsóun og mikilvægi þess að fara í verkefni sem taka á henni. Umræður um dýrahús og matjurtarræktun, fundurinn tekur vel í þau áform og gaman væri að þróa það áfram.
Bæta þarf þráðlausa netið og símkerfið í leikskólanum (öllum skólanum). Skiptar skoðanir á ípadkennslu á leikskóladeildinni, það mætti bæta tæknikennsluna í leikskóladeildinni. Gott væri að skólinn, ef til vill með aðstoð foreldrafélagsins sjái foreldrum og nemendum fyrir öflugri kynfræðslu og fræðslu um kynvitund og kynrænt sjálfræð. Slík fræðsla er nauðsynleg árlega, á mið- og og yngsta stigi eins og á unglingsstigi.
- Skólalæping 2019 er tileinkað Uppeldi til ábyrgðar**
Unnið verður með ófrávikjanlegar reglur í skólanum og grunnvinnu/verkefni varðandi gildin.

- 4. Félagsmiðstöð, félagsmál nemenda í vetur.** Nemendum bjóðast námskeið í hlutverkaleikjum (Larp) og munu hafa spilapema á samverustundum frá október og við erum með starfsfólk sem er til í að taka að sér opið hús c.a. einu sinni í mánuði fyrir elstu nemendurna (unglingastig)

Fleira ekki gert og fundi slitið 17:45

Skólastjóri ritar fundargerð.